

Minnisblað

Til: Fræðslunefndar
Frá: Guðrúnu Birgisdóttur
Dags. 5. desember 2018
Mnr. 2018080029



ÍSAFJARÐARBÆR

Fundur haldinn þann 23. nóvember 2018 með fræðslunefnd og foreldrum barna og sem fædd eru 2017-2018, um dagvistarmál.

Eftirfarandi eru hugmyndir sem foreldrar lögðu til að þyrfti að skoða:

- Styrkja þurfi dagforeldra, þ.e þeir fái ákveðinn stofnstyrk þegar þeir eru að hefja störf, einnig að skoða með að aðstoða við að útvega húsnæði undir starfsemi dagforeldra.
- Dagforeldrar hafi jafnvel aðgang að einhverskonar leikfangasafni, fjölburavögnum og öðrum aðbúnaði sem þarf til við starfsemina.
- Það þurfi einnig að tryggja öruggar greiðslur til dagforeldra í ákveðin tíma, ef upp kemur sú staða að ekki séu börn á biðlista til þeirra.
- Það kom einnig fram að niðurgreiðsla til foreldra sem eru með börn sín hjá dagforeldrum, sé lægri hjá Ísafjarðarbæ en víða annar staðar. (niðurgreiðsla fyrir 8 klst. kr. 35.272 en er víða er hún á bilinu 58.000 - 90.000).
- Það vanti inn á heimasíðu bæjarins betri upplýsingar um hvert væntanlegir dagforeldrar eigi að snúa sér, hvaða kröfur eru gerðar og hvað þurfi að fylgja með umsókn um þegar einstaklingur óskar eftir því að gerast dagforeldri.
- Heimgreiðslur til foreldra sem ekki fá dagvistun fyrir börnin sín.
- Það kom einnig upp sú hugmynd hvort hægt væri að bjóða ½ dags vistun svo fleiri kæmust að.
- Foreldrar óskuðu eftir því hvort hægt væri að fá netföng nefndamanna á heimasíðu bæjarins.
- Foreldrar vildu fá rafrænt svar þegar þeir sækja um leikskólavist á „þínar síður“. En allir ættu að fá svarpóst um móttöku umsóknarinnar frá leikskólafulltrúa.
- Kannanir séu sendar til foreldra um þörfina á leikskólaplássi.
- Nýburar séu boðnir velkomnir í heiminn og foreldrar fái sent heim upplýsingar um hvar skuli sækja um leikskólapláss og fleira.
- Rætt var um laus pláss á Tanga en þar geta dvalið rúmlega 40 börn, en jafnframt var bent á að aðstaðan bíður ekki upp á dvöl fyrir yngri börn en eru að dvelja þar í dag.
- Fræðslunefndarmenn ítrekuðu að leikskólavist við 12. mánaða aldur sé stefnan, en í dag erum við enn að miða við 18 mánaða aldur. Staðan í dag er að börnum sem eru um 13 mánaða hefur verið boðin leikskólavist og elstu börnin sem eru á biðlistanum í dag, verða um 18 mánaða þegar leikskólarnir opna aftur eftir sumarlokanir 2019.

GB